

REGLUR

um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna.

I. KAFLI

Valdbeiting og valdbeitingartæki lögreglu.

1. gr.

Valdbeiting og lögreglutök.

Lögregla skal ekki grípa til valdbeitingar nema nauðsyn krefji og stig valdbeitingar skal vera í samræmi við aðstæður hverju sinni. Ávallt skal gæta meðalhófs við valdbeitingu. Ef gripið er til valdbeitingar skal þess getið í lögregluskýrslu hvers eðlis hún var og ástæður þess að henni var beitt.

2. gr.

Þjálfun lögreglumanna.

Lögreglunemar skulu hljóta grunnþjálfun hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu í notkun lögreglutaka og sjálfsvarnaraðferða. Lögreglutök og sjálfsvarnaraðferðir sem kenndar eru hjá Mennta- og starfsþróunarsetrinu skulu samþykktar af ríkislögreglustjóra sem mælir einnig fyrir um árlega viðhaldsþjálfun lögreglumanna.

3. gr.

Skilgreining og notkun fjötra.

Fjötrar eru búnaður til að hefta hreyfingar einstaklinga. Ríkislögreglustjóri ákveður hverrar gerðar þeir skuli vera. Fjötrar eru eftirfarandi búnaður:

Handjárn: Fjötrar úr málmum sem ætlaðir eru til að hefta handahreyfingar einstaklinga.

Bensli: Bönd til að hefta hreyfingar einstaklinga á höndum og/eða fótum svo sem úr plasti eða tauefni.

Flutningsbelti: Belti til að hefta hreyfingar sem notuð eru við flutning handtekinna einstaklinga.

Fótajárn: Fjötrar sem ætlaðir eru til að hefta fótahreyfingar einstaklinga.

Þegar fjötrar eru notaðir skal þess getið í lögregluskýrslu sem og um ástæður þess að fjötrum er beitt.

4. gr.

Handjárn.

Handjárn skal nota á þann sem er handtekinn eða á fanga, sé ástæða til að ætla að viðkomandi muni reyna að flýja, beita ofbeldi eða valda sjálfum sér eða öðrum tjóni.

Handjárn skal nota ef einstaklingur er æstur, órólegur eða ætla má að öryggi hans eða annarra verði ekki tryggt með öðrum hætti.

Handjárn skal nota ef fullnægjandi líkamsleit hefur ekki farið fram á einstaklingnum og ætla má að viðkomandi hafi í förum sínum muni sem hafa sönnunargildi í máli eða muni sem leggja skal hald á.

Að jafnaði skal handjárnna einstakling með hendur fyrir aftan bak þannig að lófarnir snúi út. Ekki skal handjárnna einstakling við annan lögreglumann eða annan aðila og ekki skal handjárnna einstakling við fastan hlut nema afar sérstakar og ríkar aðstæður krefjist þess og öryggi verði ekki tryggt með öðru móti.

Við flutning handjárnna einstaklings skulu að jafnaði vera tveir lögreglumenn. Þegar handjárnnaur einstaklingur er fluttur í bifreið skal að jafnaði einn lögreglumaður sitja við hlið viðkomandi. Handjárnnaur einstaklingur skal ekki vera eftirlitslaus.

5. gr.

Bensli.

Um heimild og notkun bensla gilda sömu reglur og um handjárn skv. 4. gr.

Aðeins skal fjötra einstakling á fótum með benslum ef rík ástæða er til svo sem ef viðkomandi telst sjálfum sér eða öðrum hættulegur.

6. gr.

Fótjárn.

Notkun fótjárna er heimil þegar brýna nauðsyn ber til, í fangageymslum lögreglunnar eða á öðrum stað sem lögregla ákveður. Ákvörðun um notkun fótjárna skal tekin af stjórnanda lögreglu á vakt hverju sinni. Eftirlit skal haft með fótjárnuðum einstaklingi eigi sjaldnar en á 15 mínútna fresti.

Heimilt er í öryggisskyni að fjötra einstaklinga á fótum með fótjárnnum við flutning ef rík ástæða er til, t.d. við flutning viðkomandi í flugvél eða ef hann er svo æstur eða órólegur að hann er sjálfum sér eða öðrum hættulegur.

II. KAFLI

Lögregluvopn.

7. gr.

Skilgreining vopna.

Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um notkun vopna hjá lögreglu samkvæmt þessum reglum. Með vopnum er átt við eftirfarandi tæki:

Úðavopn: Úðabrúsar sem innihalda tárugas (CS, OC eða annað samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra) og ætlaðir eru til að yfirbuga einstakling í návígi.

Kylfur: Barefli til að yfirbuga einstaklinga eða verjast árás.

Rafvarnavopn: Óbanvæn vopn sem hafa tímabundin áhrif á vöðvastjórnun þess sem vopninu er beitt gegn. Með langdrægu rafvarnavopni er tveimur rafskautum/rafpílum skotið í einstakling og honum veitt vægt raflost sem truflar tímabundið sjálfviljuga vöðvastjórnun og gerir lögreglu betur kleift að handtaka viðkomandi án þess að ógna lífi eða heilsu hans eða lögreglumanna.

Skotvopn: Skammbýssa, haglabýssa, vélbýssa og riffill.

Gasvopn: Gasbýssa, tárugas- og reykþúnaður. Einnig gasþúnaður sem skotið er úr skotvopnum.

Hvellvopn: Þúnaður til að trufla og rugla einstakling. Einungis til notkunar af sérstökum sérþjálfuðum sveitum lögreglu.

Sprengivopn: Sprengiefni sem notað er sem hluti af vopnabúnaði lögreglu.

Úthlutun ofangreindra vopna með leiðbeiningum um notkun þeirra fer eftir nánari ákvörðun ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri setur verklagsreglur og leiðbeiningar um nauðsynlegar áætlanir lögregluliða varðandi viðbúnað með vopnum vegna sérstaklega alvarlegra tilvika. Hann ákveður einnig hvaða lágmarkspjálfun lögreglumenn skulu fá sem árlega viðhaldspjálfun í notkun lögregluvopna.

8. gr.

Tegundir vopna.

Ríkislögreglustjóri ákveður nánar hvernig gerðar vopn skv. 7. gr. skuli vera þ. á m. tegund búnaðar, hlaupvidd skotvopna o.fl.

Óheimilt er að nota annan búnað og vopn en þann sem samþykktur er af ríkislögreglustjóra. Innkaup, sala, innflutningur og útflutningur er háð samþykki ríkislögreglustjóra. Skotfæragerð er einnig háð samþykki ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri getur heimilað notkun annarra vopna en talin eru upp í 7. gr. svo sem höggskota o.fl.

9. gr.

Aflifun dýra o.fl.

Reglur þessar gilda ekki um úthlutun skotvopna í tengslum við aflifun dýra eða úthlutun vopna til notkunar hjá sprengjusérfræðingum lögreglu við sprengjueyðingu.

10. gr.

Lögrehluhundar.

Lögrehlustjórum er heimilt með samþykki ríkislögrehlustjóra að þjálfra lögrehluhunda til notkunar við valdbeitingu. Ríkislögrehlustjóri gefur út verklagsreglur um notkun hunda í þessu skyni.

11. gr.

Um notkun úðavopna.

Lögrehlu er einungis heimilt að nota úðavopn þegar vægari aðferðir duga ekki til þess að yfirbuga mótþróa einstaklings við handtöku. Þá er ávallt heimilt að nota úðavopn ef heimilt er að nota kylfu eða rafvarnarvopn.

12. gr.

Úthlutun úðavopna.

Úðavopn eru hluti af búnaði lögrehlumanna og úthluta skal þeim til einstakra lögrehlumanna með sama hætti og kylfum er úthlutað.

Óheimilt er að úthluta úðavopnum til annarra en þeirra sem hlotið hafa þjálfun í notkun þeirra og þeir einir mega nota úðavopn sem hlotið hafa slíka þjálfun. Úðavopn skal ekki notað í nálægð ungra barna nema í neyð.

13. gr.

Fyrsta hjálp.

Skola skal þann sem beittur er úðavopni með vatni eða þar til gerðu hreinsiefni. Fá einstaklingur úða beint í augun af stuttu færi skal viðkomandi færður til læknisskoðunar ef batamerki koma ekki fljótlega fram. Ef úðavopni er beitt gegn einstaklingi sem síðar er færður í fangageymslu, skal viðkomandi eiga kost á baði og ómenguðum fötum.

Þegar mannfjöldi er dreift með úðavopni við mannfjöldastjórnun er nægjanlegt að koma því vel á framfæri hvar sé hægt að leita sér hjálpar á eða við vettvang.

14. gr.

Heimild vegna gæslu öryggis einstaklinga.

Lögrehlustjórum er heimilt með samþykki ríkislögrehlustjóra að afhenda einstaklingi úðavopn til sjálfsvarnar ef viðkomandi nýtur sérstakrar gæslu lögrehlu, öryggis síns vegna. Lögrehlan skal annast þjálfun í notkun búnaðarins og skal viðkomandi gert skylt að tilkynna lögrehlu þegar í stað komi til notkunar. Vopninu skal skilað til lögrehlu ef það er mat hennar að ekki sé lengur þörf á því fyrir viðkomandi.

Með sama hætti er ríkislögrehlustjóra heimilt að afhenda bílstjórum þeirra sem gegna æðstu stjórn ríkisins úðavopn til sjálfsvarnar.

15. gr.

Skýrslugerð.

Gera skal skýrslu í hvert sinn sem úðavopni er beitt. Þar skal koma fram ástæða notkunarinnar, hvernig úðavopninu var beitt og þær ráðstafanir sem síðar voru gerðar til þess að koma í veg fyrir skaða af völdum efnisins.

Ef úðavopni er beitt af aðila sem hefur til þess heimild lögrehlu skal það skráð í lögrehluskýrslu.

16. gr.

Notkun kylfu.

Þegar aðrar vægari aðferðir duga ekki er lögrehlu heimilt að nota kylfu. Einungis er heimilt að nota kylfu þegar brýna nauðsyn ber til í eftirfarandi tilvikum:

- a. Til að afstýra árás á lögrehlumann eða þriðja aðila.
- b. Til að handtaka hættulegan brotamann.
- c. Þegar einhver reynir að koma í veg fyrir handtöku eða reynir að frelsa handtekinn einstakling.
- d. Þegar einhver reynir að hindra lögrehlu við störf sín.

- e. Til að knýja fram hlýðni við skipun sem ekki er fylgt, enda sé nauðsynlegt að henni sé framfylgt tafarlaust.

Ef því verður við komið og aðstæður leyfa skal lögreglumaður vara við að kylfu verði beitt til að framfylgja aðgerðum.

17. gr.

Beiting kylfu.

Kylfu skal beita með þeirri aðgæslu að ekki hljótist af meira hnjask eða meiðsl en þörf krefur. Lögreglumenn skulu leitast við að hæfa handleggi eða fætur. Ekki má beina höggi að höfði, hálsi, brjósti, nýrnasvæði eða hryggsúlu og forðast skal eftir megni að slá í liðamót. Ekki skal nota kylfu til stungu.

18. gr.

Skýrslugerð vegna beitingar kylfu.

Beiti lögreglumaður kylfu skal hann án tafar greina yfirmönnum sínum frá því og rita skýrslu um atvikið. Í skýrslu skulu koma fram ástæður notkunarinnar, hvernig kylfunni var beitt og ráðstafanir sem síðan voru gerðar til að koma í veg fyrir skaða af völdum kylfubeitingarinnar. Vinni lögreglumenn undir sameiginlegri stjórn, mega þeir einungis nota kylfu eftir beinni skipun yfirmanns nema svo sé ástatt sem greinir í a-lið 16. gr.

19. gr.

Notkun rafvarnarvopna.

Lögreglu er heimilt að nota rafvarnarvopn þegar heimilt er að nota úðavopn eða kylfu, ef talið er að úðavopn eða kylfa eða aðrar vægari aðgerðir muni ekki nægja til þess að yfirbuga aðila eða skilyrði um notkun skotvopna er ekki til staðar. Heimilt er að nota rafvarnarvopn ef lögreglumaður telur notkun þess geta afstýrt frekari hættu fyrir hann sjálfan eða aðra, svo sem þar sem hægt er að beita rafvarnarvopni á lengra færi en úðavopni eða kylfu. Notkun rafvarnarvopna verður alltaf að vera nauðsynleg, réttlæt看leg og taka mið af meðalhófsreglu.

Þegar rafvarnarvopni er beitt skal hafa í huga hvar sá sem rafvarnarvopni er beitt gegn muni mögulega falla niður. Ekki má nota rafvarnarvopn gegn þeim sem er í áberandi slæmu líkamlegu ástandi eða konum sem eru augljóslega þungaðar. Einstaklingar sem rafvarnarvopni hefur verið beint gegn skulu færðir til lækni skoðunar ef ástæða þykir til.

Ríkislögreglustjóri skal setja nánari verklagsreglur um notkun rafvarnarvopna.

20. gr.

Aðvörun.

Ef því verður við komið og aðstæður leyfa skal lögreglumaður vara þann við sem beita á rafvarnarvopni um að því verði beitt til að framfylgja aðgerðum.

21. gr.

Úthlutun rafvarnarvopna.

Óheimilt er að úthluta rafvarnarvopnum til annarra en skipaðra eða settra lögreglumanna sem hafa lokið lögreglunámi og fengið tilskilda þjálfun í notkun þeirra. Þeir einir mega nota rafvarnarvopn sem hlotið hafa slíka þjálfun.

Lögreglumenn sem fá úthlutað rafvarnarvopni skulu einnig bera búkmyndavél og nota hana samhliða notkun rafvarnarvopns.

Viðkomandi lögreglumenn skulu hljóta árlega viðhaldsþjálfun í notkun rafvarnarvopna samkvæmt nánari reglum sem ríkislögreglustjóri setur.

22. gr.

Skýrslugerð.

Beiti lögreglumaður rafvarnavopni skal hann strax greina yfirmönnum sínum frá því og rita skýrslu um atvikið. Í skýrslu skulu koma fram ástæður notkunarinnar, hvernig rafvarnavopninu var beitt og ráðstafanir sem síðan voru gerðar til að koma í veg fyrir skaða af völdum beitingarinnar.

III. KAFLI

Skotvopn, önnur vopn og beiting þeirra.

23. gr.

Geymsla og afhending.

Að jafnaði skal geyma skotvopn, skotfæri, sprengivopn, gasvopn, hvellvopn og fylgibúnað á lögreglustöð. Vopnin skulu geymd með tryggilegum hætti í læstri hirslu eða aðstöðu, þar sem þau eru tilbúin til notkunar. Ríkislögreglustjóri getur sett reglur um vopnageymslur lögreglu.

Lögreglustjóri getur þó ákveðið í samráði við ríkislögreglustjóra að skotvopn séu geymd í lögreglubifreiðum. Sérstakar sveitir lögreglu sem ríkislögreglustjóri hefur samþykkt starfrækslu á, geta einnig haft sprengivopn meðferðis, skv. hans heimild. Tryggilega skal gengið frá vopnum og skotfærum í sérstökum vopnageymslum í lögreglubifreiðum sem eru viðurkenndar af ríkislögreglustjóra.

Ákvörðun um að hafa gasvopn, gas- og reykþúnað í lögreglubifreið er í höndum lögreglustjóra.

24. gr.

Hlífðarbúnaður.

Skotvesti, skotskýlingarskildi, skotskýlingarhjalma og eftir atvikum annan hlífðarbúnað skal geyma á sama stað og skotvopn. Lögreglumenn skulu búast tiltækum hlífðarbúnaði þegar þeir vopnast ef verkefnið krefst ekki annars.

25. gr.

Skráning vopna.

Hjá ríkislögreglustjóra skal haldin sérstök skrá um vopnaeign lögreglu. Í hana skrá lögreglustjórar upplýsingar um vopn lögregluliða. Stjórnandi vaktar eða sá lögreglumaður sem lögreglustjóri felur það verkefni skal hafa eftirlit með vörslu, úthlutun og skráningu vopna og ber ábyrgð á því að varslan sé trygg og vopnin í góðu lagi. Yfirfara og prófa skal vopn reglulega, a.m.k. tvisvar á ári.

Sé um að ræða sérstaka vopnaða sveit lögreglu er hlutverk það sem lýst er í 1. mgr. varðandi vopn sveitarinnar í höndum daglegs yfirmanns hennar.

26. gr.

Afhending vopna.

Lögreglustjóri skal setja reglur um afhendingu vopna til lögreglumanna. Viðkomandi yfirmaður skal ganga úr skugga um að lögreglumaðurinn hafi gild skotvopnaréttindi fyrir vopninu.

Lögreglustjóra er heimilt að afhenda lögreglumönnum vopn til varanlegrar notkunar meðan þeir gegna störfum. Viðkomandi lögreglumaður ber þá ábyrgð á vopninu.

Vopn skal því aðeins afhenda lögreglumanni, að hann hafi undirgengist vopnaþjálfun og staðist árlegt hæfnispróf í notkun viðkomandi vopns.

27. gr.

Vopnum skilað.

Vopnum sem eru afhent vegna einstaka verkefna, skal skilað þegar verkefninu er lokið. Viðkomandi lögreglumaður er ábyrgur fyrir því að skila vopninu og meðfylgjandi skotfærum.

Þegar vopn eru afhent hóp eða vakt, er stjórnandi ábyrgur fyrir skilum þeirra að lokinni vakt eða verkefni.

28. gr.

Notkun annarra vopna.

Lögreglumönnum er óheimilt, nema í neyðartilvikum, að nota önnur vopn í starfi en þeim hefur verið úthlutað samkvæmt þessum reglum. Notkun eigin vopna, þó þau séu sömu gerðar og lögreglumönnum hefur verið úthlutað, er því að öðru jöfnu óheimil.

29. gr.

Notkunarleiðbeiningar.

Ríkislögreglustjóri skal útbúa notkunarleiðbeiningar um skotvopn, sprengiefni, hvellvopn og gasvopn sem samþykkt eru til notkunar hjá lögreglu.

30. gr.

Skotæfingar og þjálfun.

Allir nemar í starfsnámi hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu skulu hljóta grunnþjálfun í skotvopnareglum og meðferð vopna. Þeir sem standast lágmarkskröfur, samkvæmt nánari reglum sem ríkislögreglustjóri setur, skulu útskrifaðir með hæfnispróf fyrir viðkomandi skotvopn.

Ríkislögreglustjóri gefur fyrirmæli um framkvæmd þjálfunar í notkun sérbúnaðar og stærri skotvopna.

31. gr.

Viðhaldsþjálfun.

Lögreglustjóri skal tryggja að lögreglumenn við embætti hans viðhaldi þekkingu á vopnareglum þessum og fái nauðsynlega viðhaldsþjálfun í notkun vopnanna. Árlega skulu lögreglumenn undirgangast vopnaþjálfun og standast verklegt hæfnispróf í notkun viðkomandi skotvopns, samkvæmt nánari fyrirmælum sem ríkislögreglustjóri setur varðandi fjölda árlegra æfinga og lágmarkskröfur.

32. gr.

Skotvopnaréttindi.

Skotvopnaréttindi lögreglumanna skal skrá í skotvopnaskrá lögreglu til staðfestingar á því að hann hafi heimild til að nota viðkomandi skotvopn. Tilgreina skal nafn og kennitölu ásamt upplýsingum um þau skotvopn sem viðkomandi hefur heimild til að nota. Endurnýja skal skotvopnaréttindi lögreglumanna árlega standist þeir hæfnispróf.

Skrá skal þátttöku lögreglumanna í árlegri viðhaldsþjálfun í vinnugrunninn, fræðslu- og þjálfunarkerfi lögreglunnar, ásamt niðurstöðu árlegra hæfnisprófa.

33. gr.

Lögregla vopnuð gasvopnum.

Lögreglustjóri gefur fyrirmæli um hvenær lögreglumenn skuli vopnast með gasvopnum. Óheimilt er að vopnast gasvopnum í einstökum tilvikum nema samkvæmt ákvörðun vakthafandi yfirmanns. Einungis má vopna þá lögreglumenn með gasvopnum sem fengið hafa tilskilda þjálfun.

34. gr.

Lögregla vopnuð skotvopnum.

Lögreglustjóri getur gefið fyrirmæli um að lögreglumenn skuli vopnast skotvopnum þegar:

- a. Talið er að fyrirbyggjandi verkefni krefjist þess eða aðstæður eru slíkar að vopnaburður teljist nauðsynlegur, svo sem ef ætla má að lögreglumaður þurfi að eiga við einstakling sem ástæða er til að ætla að sé vopnaður og líklegur er til að nota skotvopn eða önnur banvæn vopn.
- b. Ríkislögreglustjóri hefur samþykkt eða mælt fyrir um að vopna beri lögreglumenn til að leysa tilgreind verkefni eða við sérstakar aðstæður, svo sem við öryggisgæslu eða verkefni sérstakra sveita lögreglu.

Lögreglustjórum er heimilt í samráði við ríkislögreglustjóra að gefa fyrirmæli um vopnaburð, sem gilda í ákveðinn tíma.

1. mgr. þessarar greinar kemur ekki í veg fyrir að hæstráðandi lögreglumaður á hverjum stað geti gefið fyrirmæli um að lögreglumenn vopnist í neyðartilvikum.

Þegar verkefni krefjast vopnunar skal vopna a.m.k. tvo lögreglumenn hverju sinni en lögreglumenn skulu ekki starfa einir að vopnuðum aðgerðum nema í neyðartilvikum.

Með lögreglumönnum í 1. mgr. er einungis átt við skipaða eða setta lögreglumenn sem fengið hafa tilskilda þjálfun og erlenda lögreglumenn sem ríkislögreglustjóri hefur ákveðið að fari með lögregluvald á grundvelli 11. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 og ríkislögreglustjóri hefur samþykkt eða mælt fyrir um að vopna beri á grundvelli b-liðar 1. mgr. þessarar greinar. Hér er ekki átt við þá sem hafa löggæsluvald á tilteknu sviði.

35. gr.

Vopnaburður.

Við lögregluaðgerðir skulu lögreglumenn, sem vopnaðir eru skotvopnum, alla jafna vera einkennisklæddir og bera vopn sýnileg utanklæða, nema verkefnið sé þess eðlis að annað sé nauðsynlegt við úrlausn þess.

36. gr.

Gasvopn og hvellvopn.

Gas- og hvellvopnum má einungis beita í sérstökum hættutilvikum eða ef lögregluaðgerð verður ekki framkvæmd á annan hátt án þess að öryggi lögreglumanna sé stefnt í hættu. Eingöngu þeir lögreglumenn sem fengið hafa til þess þjálfun og ríkislögreglustjóri hefur samþykkt mega nota hvellvopn í lögregluaðgerðum.

37. gr.

Óspektir og óeirðir.

Heimild lögreglustjóra þarf til að beita gasvopnum við óspektir og óeirðir. Lögreglumaður getur þó tekið ákvörðun um notkun ef ekki er mögulegt að leita heimildar lögreglustjóra og aðstæður slíkar að notkun sé mjög brýn. Þegar mannfjöldi er dreift með gasvopni við mannfjöldastjórnun skal koma því vel á framfæri hvar sé hægt að leita sér hjálpar á eða við vettvang.

38. gr.

Skotvopn og beiting skotvopna.

Skotvopni má því aðeins beita gegn einstaklingi þegar önnur úrræði eru ekki tiltæk eða hafa verið fullreynd og/eða brýna nauðsyn ber til í því skyni að:

- a. Lögreglumaður verjist lífshættulegri árás á sig eða þriðja aðila.
- b. Yfirbuga og handtaka afbrotamenn sem teljast hættulegir lífi fólks eða öryggi ríkisins.
- c. Koma í veg fyrir alvarlegt ofbeldi gegn fólki eða að verulegu tjóni sé valdið á þjóðfélagslega mikilvægum hagsmunum eða stofnunum, rekstri þeirra og/eða starfsemi.

39. gr.

Aðvörðun.

Telji lögreglumaður að því verði við komið og aðstæður leyfa án þess að skapa aukna hættu fyrir hann eða aðra, skal hann gefa þeim aðvörðun sem ógnunin stafar frá og tilkynna að vopni verði beitt til að framfylgja aðgerðunum. Hann skal einnig tilkynna að hann komi fram sem lögreglumaður.

40. gr.

Aðvörðunarskot.

Lögreglumenn skulu ekki skjóta aðvörðunarskotum. Slíkt er þó heimilt í undantekningartilvikum ef lögreglumaður álitur að því verði við komið og aðstæður leyfa án þess að skapa aukna hættu fyrir hann eða aðra.

Aðvörðunarskoti má ekki hleypa af nema til staðar séu skilyrði til að beita skotvopni skv. 38. gr.

41. gr.

Skotvopni beitt gegn einstaklingi.

Ef skotvopni er beitt gegn einstaklingi á lögreglumaður að miða á stærsta hluta þess líkamshluta sem honum er sýnilegur nema sérstakar aðstæður krefjist annars. Telji lögreglumaður að því verði við komið og aðstæður leyfa án þess að skapa aukna hættu fyrir hann eða aðra, skal hann reyna að takmarka þann skaða sem af beitingu skotvopnsins hlýst svo sem með því að skjóta í fætur viðkomandi.

Hafi skotvopni verið beitt skal ávallt veita alla hugsanlega aðstoð eftir á.

42. gr.

Bifreiðar, bátar, loftför.

Til að stöðva bifreiðar, báta eða loftför, má aðeins beita skotvopni ef um sérstaklega hættulega aðila er að ræða og brýn þörf er á að stöðva þá strax. Ef ekki eru til staðar skilyrði 38. gr. skal skotvopni við þessar aðstæður aðeins beitt til að hefta för farartækisins.

43. gr.

Sprengivopn.

Sprengivopn má aðeins nota þegar skilyrði 38. gr. um beitingu skotvopna eru til staðar og auk þess telst nauðsynlegt að brjóta sér leið inn í aflokað, eða læst rými. Í vissum tilfellum er þó heimilt að nota sprengivopn til þess að trufla eða rugla athygli þess sem handtaka skal eða til að ryðja úr vegi erfiðum hindrunum við úrlausn fyrirbyggjandi verkefnis.

Eingöngu þeir lögreglumenn sem fengið hafa til þess þjálfun og ríkislögreglustjóri hefur samþykkt mega nota sprengivopn í lögregluaðgerðum.

44. gr.

Lögreglumenn undir stjórn yfirmanns.

Ef lögreglumenn starfa saman í hóp undir beinni stjórn yfirmanns sem gefur skipanir um notkun vopna er notkun þeirra einungis heimil eftir skipun yfirmannsins, nema í neyðarvörn.

Ef um er að ræða lögreglumenn sérhæfða í notkun á rifflum skal gefa þeim fyrirmæli fyrirfram um hvort beiting vopnsins sé heimil. Bein skipun um beitingu vopnsins er háð samþykki lögreglustjóra eða yfirlögregluþjóns, nema í neyðarvörn.

45. gr.

Skýrslugerð.

Nú hefur lögreglumaður beitt eða hótad að beita vopni skv. III. kafla í starfi sínu, og skal hann þá þegar í stað gefa næsta yfirmanni sínum munnlega og síðar skriflega skýrslu með ítarlegum skýringum á ástæðum þess nema fyrir liggi að héraðssaksóknari muni taka málið til rannsóknar eða rannsókn er þegar hafin. Lögreglustjóra skal strax tilkynnt um málavexti og skal hann tryggja að gripið sé til nauðsynlegra ráðstafana, þ.m.t. að veitt verði nauðsynleg sálfræðiaðstoð ef vopni hefur verið beitt.

46. gr.

Skráning.

Öll tilvik þar sem lögregla vopnast með gas-, hvell-, skot- og sprengivopnum skal skrá í lögreglukerfið LÖKE. Fram skulu koma nauðsynlegar upplýsingar varðandi málavexti svo sem ástæðu þess að lögregla vopnaðist, stutt lýsing á atburðum og hvort skotum hafi verið hleypt af.

47. gr.

Skrár ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri heldur skotvopnaskrá lögreglu. Þá heldur ríkislögreglustjóri sérstakan vinnu-grunn fyrir fræðslu- og þjálfunarkerfi lögreglu og auk þess tölfræði um fjölda tilfella þar sem lögreglumenn vopnast.

48. gr.

Mat á viðbúnaðargetu.

Um hver áramót skal lögreglustjóri senda ríkislögreglustjóra greinargerð með mati á viðbúnaðargetu lögregluliðsins til þess að takast á við vopnatilfelli.

49. gr.

Erlendir lögreglumenn eða öryggisverðir.

Ríkislögreglustjóri getur heimilað erlendum lögreglumönnum og öryggisvörðum að bera vopn við störf sín hér á landi enda starfi þeir undir stjórn lögreglunnar og fylgi reglum þessum um vopnaburð og notkun vopna að öllu leyti. Ríkislögreglustjóri gefur út sérstök skírteini handa viðkomandi.

IV. KAFLI

Eftirför og stöðvun ökutækja með valdbeitingu.

50. gr.

Naglamottur og lokun með hindrunum.

Lögreglu er heimilt að nota naglamottur og annan búnað sem ríkislögreglustjóri hefur samþykkt notkun á til að stöðva ökutæki ef ökumaður sinnir ekki stöðvunarmerkjum lögreglu og það er mat lögreglu að viðkomandi skapi hættu fyrir sig sjálfan eða aðra almannahættu með aksturslagi sínu. Einnig er heimilt að nota slíkan búnað ef nauðsynlegt er að stöðva viðkomandi strax til að hindra að hann valdi skaða á fólki, eða til að tryggja mikilvæg sönnunargögn um alvarleg afbrot, eða til að tryggja mikilvæga almannahagsmuni. Einnig er lögreglu heimilt að loka vegum með þungum ökutækjum eða öðrum hindrunum sem þvera veg í því skyni að stöðva för viðkomandi ef stöðvunarmerkjum lögreglu hefur ekki verið sinnt.

51. gr.

Stöðvun ökutækis með ákeyrslu.

Lögreglu er heimilt af sömu ástæðum og getið er í 46. gr. að stöðva ökutæki með því aka lögregluökutæki á ökutækið sem á að stöðva til þess að hindra frekari akstur. Aðferðinni skal aðeins beitt ef það telst mjög nauðsynlegt að stöðva aksturinn strax, aðrar aðferðir duga ekki til eða ekki er möguleiki á að beita þeim og viðkomandi hefur ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu.

52. gr.

Verklagsreglur um eftirfarir og stöðvun ökutækja.

Ríkislögreglustjóri skal setja verklagsreglur um stöðvun með valdbeitingu svo sem um framkvæmd og hvaða forsendur þurfa að vera til staðar við beitingu 50. og 51. gr. reglna þessara. Þá skal og í reglunum kveðið á um þjálfun lögreglumanna vegna notkunar á naglamottum og stöðvun ökutækis með hindrun eða ákeyrslu.

V. KAFLI

Lagastoð og gildistaka.

53. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 3. gr. vopnalaga nr. 16/1998, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna frá 22. febrúar 1999, sbr. auglýsingu nr. 156/2015 um birtingu á reglunum.


Dómsmálaráðuneytinu, 30. desember 2022.

Jón Gunnarsson.

Kjartan J. Bjarnason.

Fylgiskjal.**SKÝRINGAR**
með reglum um valdbeitingu lögreglumanna
og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna.*Athugasemdir við 1. gr.*

Heimildir lögreglu til valdbeitingar eru í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 og lögreglulögum nr. 90/1996. Ávallt verður að hafa í huga að samræmi verður að vera á milli aðstæðna og þeirrar valdbeitingar sem lögreglumenn grípa til. Valdbeitingin verður að vera nauðsynleg og réttlæt看leg. Úrræði lögreglumannsins og stigmögnun aðferða er sett fram í eftirfarandi valdbeitingarstiga. Með lögregluhundum er átt við notkun sérþjálfaðra hunda við valdbeitingu gagnvart fólki.

*Athugasemdir við 2. gr.*

Lögreglutök kallast þau tók sem beitt er við handtöku og viðurkennd eru til notkunar hjá lögreglu. Nauðsynlegt er að lögreglumenn kunni skil á slíkum tökum því líkamleg valdbeiting er oft nauðsynleg í starfi lögreglunnar. Auk þess þurfa þeir að geta varið sig ef á þá er ráðist.

Athugasemdir við 3. gr.

Markmiðið er að lögreglan noti samræmdan búnað sem hefur hlotið viðurkenningu ríkislögreglustjóra. Þá þykir eðlilegt að fram komi í lögregluskýrslum ef fjötrar hafa verið notaðir.

Athugasemdir við 4. gr.

Notkun handjárna er aðeins réttlæt看leg þegar um handtöku eða fangaflutning er að ræða.

Gæta skal þess að handjarnaður maður, eða fjötraður á annan hátt, hefur að nokkru leyti verið sviptur getu til sjálfsbjargar, t.d. ef hann dettur og því þarf lögreglumaður að vera meðvitaður um að hann ber ábyrgð á því að hann skaðist ekki.

Athugasemdir við 5. gr.

Bensli eru hugsuð sem viðbót og skammtímaráðstöfun ef fjötra þarf marga í senn t.d. við fjöldahandtökur eða ef nauðsynlegt er að fjötra mann á fótum í skamman tíma. Við notkun þeirra er nauðsynlegt að gæta þess að herða þau ekki um of þannig að þau valdi ekki meiðslum eða hindri blóðrás. Við notkun bensla þarf að vera tiltæk töng, klippur eða annað áhald til að unnt sé að fjarlægja þau ef með þarf.

Athugasemdir við 6. gr.

Notkun fótjárna er aðeins réttlæt看leg þegar um handtöku eða fangaflutning er að ræða. Börn, ungmenni og gamalt eða veikburða fólk skal ekki setja í fótjárn nema mjög rík ástæða sé til.

Athugasemdir við 7. gr.

Í greininni eru upptalin þau vopn sem samþykkt eru af ríkislögreglustjóra til nota hjá lögreglu. Kylfur falla í meginatriðum í tvo flokka. Stuttar kylfur sem lögreglumenn bera á sér daglega við reglubundin störf og stórar kylfur sem lögreglumenn búast vegna sérstakra hættutilfella eða vegna sérstakra verkefna á sviði mannfjöldastjórnunar. Rafmagnskylfur flokkast ekki sem kylfur heldur sem rafmagnsvopn.

Einnig er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri mæli fyrir um áætlanagerð lögregluliða um vopnaburð og önnur viðbrögð vegna sérstakra verkefna svo sem vopnamála sem upp koma, vopnaðra bankarána o.s.frv.

Athugasemdir við 8. gr.

Markmiðið er að hjá lögreglu sé notaður samræmdur búnaður þannig að vopn séu alls staðar sömu gerðar. Í 3. mgr. 8. gr. er ákvæði um aðrar gerðir vopna sem ríkislögreglustjóri getur heimilað. Talsvert af nýjum búnaði er í þróun svo sem rafmagnsvopn, netbyssur, höggskotfæri o.fl. sem heppilegt kann að vera að heimila notkun á.

Athugasemdir við 9. gr.

Notkun skotvopna við slíkar aðstæður er annars eðlis en reglur þessar ná yfir. Því fer notkun skotvopna við aflífun dýra eftir nánari fyrirmælum ríkislögreglustjóra. Notkun sprengjusérfræðinga á vopnum við sprengjueyðingu fer eftir viðurkenndum starfsreglum á því sviði.

Athugasemdir við 10. gr.

Notkun lögregluhunda við valdbeitingu felur í sér að hundarnir eru notaðir sem nokkurs konar vopn í höndum lögreglunnar. Annars vegar þar sem hundinum er beitt til ógnunar t.d. við mannfjöldastjórnun og hins vegar við að yfirbuga hættulega afbrotamenn.

Athugasemdir við 11. gr.

Beiting úðavopns telst vægari aðferð en beiting kylfu. Avallt þarf þó að hafa í huga að lögreglumenn verða að geta rökstutt beitingu úðavopna og ljóst þarf að vera að önnur vægari úrræði dugi ekki.

Almennt er ætlast til þess að beiting úðavopns gegn einstaklingi sé innanhúss. Þó er unnt að beita efninu utanhúss en þá þarf að huga að vindátt. Það tekur efnið frá 1 - 30 sekúndur að hafa áhrif. Varað er við því að ekki er öruggt að efnið hafi tilætluð áhrif á einstakling sem er undir miklum áhrifum vímuefna eða er alvarlega geðtruflaður.

Athugasemdir við 12. gr.

Úðabrusum er úthlutað með þar til gerðu slíðri sem brúsinn er geymdur í. Einnig eru fáanlegar minni gerðir sem henta, t.d. fyrir óeinkennisklædda lögreglumenn.

Grunnþjálfun í notkun úðavopna fá allir lögreglumenn í Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu. Gert er ráð fyrir að viðhaldsþjálfun sé hjá einstökum lögregluliðum, hverju fyrir sig. Ekki skal nota úðavopn í nálægð ungra barna vegna þess að öndunarfæri þeirra eru óþroskuð og þau ósjálfbjarga. Því er ekki réttlæt看legt að nota úðavopn í nálægð við þau nema í neyð.

Athugasemdir við 13. gr.

Sá sem beittur er úðavopni fær sviða í augu og húð og ónot í öndunarfæri þannig að varnir hans og geta til árasar minnkar meðan áhrifin vara. Nota skal kalt vatn eða þar til gerð hreinsiefni til að skola efnið af og áriðandi er að gera það eins fljótt og mögulegt er, t.d. skola hann á staðnum eftir að hann hefur verið færður í handjárn og áður en hann er fluttur á brott ef þess er nokkur kostur. Noti viðkomandi augnlinsur þarf hann að fjarlægja þær áður en hann er skolaður. Nauðsynlegt getur verið að loftræsta þann stað þar sem efnið hefur verið notað.

Athugasemdir við 14. gr.

Samkvæmt vopnalögum er öðrum en lögreglu óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eignast gasvopn og táragasvopn. Lögreglan hefur þá skyldu að halda uppi almannaoöryggi og allsherjarreglu en í því felst einnig gæsla öryggis einstakra borgara ef því er að skipta. Stöðug gæsla einstakra borgara allan sólarhringinn er illfrankvæmanleg og því er nauðsynlegt að lögreglan hafi ýmis önnur úrræði til að tryggja öryggi viðkomandi.

Athugasemdir við 15. gr.


Mikilvægt er að upplýsingar liggi fyrir í lögregluskýrslum um notkun úðavopna og hvernig efnið hafi reynst.

Athugasemdir við 16. gr.

Lögreglumönnum er heimilt að beita kylfu í neyðarvörn en einnig til þess að yfirbuga mótþróa hættulegs brotamanns sem handtaka skal ef handtakan verður ekki framkvæmd með öðrum vægari aðferðum. Þá er nauðsynlegt að lögreglan geti afstýrt utanaðkomandi afskiptum ef einhver reynir að hindra lögreglu við störf sín eða koma í veg fyrir handtöku. Sem dæmi varðandi e-lið má nefna fyrirmæli lögreglu til mannfjölda um að dreifa sér.

Athugasemdir við 17. gr.

Til frekari skýringar er hér sýnd teikning af mannlíkamanum til útskýringar á hvar leitast skuli við að beita kylfu.

*Athugasemdir við 18. gr.*

Skrafa skal lögregluskýrslu um beitingu kylfu. Séu lögreglumenn að störfum undir sameiginlegri stjórn og beita kylfu samkvæmt fyrirmælum yfirmanns skal viðkomandi yfirmaður rita skýrsluna.

Athugasemdir við 19. gr.

Notkun rafvarnavopna er möguleg á lengra færi en með úðavopni og kylfu. Lögreglumenn geta því yfirbugað aðila áður en þeir komast í návígi við viðkomandi og þannig minnkað hættu á skaða. Notkun rafvarnavopna, úðavopna og kylfu eru á sama stigi valdbeitingar og val um hvaða vopn er notað byggir á mati lögreglumanns á hvaða vopn sé heppilegast að nota miðað við aðstæður hverju sinni. Notkun rafvarnavopna kann þannig að vera vægari aðgerð en til dæmis að nota kylfu.

Athugasemdir við 20. gr.

Reynslan erlendis hefur sýnt að mjög oft nægir að lögreglumenn ógni með rafvarnavopni til þess að aðili sem handtaka á láti af mótstöðu.

Athugasemdir við 21. gr.

Gert er ráð fyrir að rafvarnavopnum sé úthlutað til lögreglumanna í upphafi vakta að því tilskildu að þeir hafi fullnægjandi þjálfun. Skylt er að viðkomandi beri einnig búkmyndavélar og noti þær samhliða því að beita eða hóta að beita rafvarnavopni. Gert er ráð fyrir að ríkislögreglustjóri setji reglur um árlega viðhaldsþjálfun.

Athugasemdir við 22. gr.

Sérstaklega er mikilvægt að lögreglumenn riti skýrslur um hvert tilfelli þar sem rafvarnavopn er notað hvort heldur sem ógnað er með því, hótað að beita því eða því beitt. Um nýjan valdbeitingarbúnað er að ræða og farið verður yfir hvert einstakt tilfelli eftir á samkvæmt nánari ákvörðun ríkislögreglustjóra.

Athugasemdir við 23. gr.

Sú meginregla gildir að lögreglumenn séu ekki vopnaðir skotvopnum við dagleg störf og vopnin geymd á lögreglustöðvum eða í ökutækjum lögreglu. Ákvörðun lögreglustjóra eða staðgengils hans um að vopna alla lögreglumenn er því háð samþykki ríkislögreglustjóra.

Athugasemdir við 24. gr.

Séu skotvopn höfð með í lögreglubifreið, sbr. 2. mgr. 19. gr. skal einnig hafa í bifreiðinni nauðsynlegan hlífðarbúnað.

Athugasemdir við 25. gr.

Tilgangur þessarar reglu er sá að lögreglustjóri tryggi að hæfir lögreglumenn annist utanumhald um vopn embættisins. Viðkomandi sjá um skráningu á vopnaeign og hirða um vopnin. Skotvopn í langtímageymslu skulu geymd þannig að þau séu smurð með réttum efnum, með tónum skotgeymum og óspenntum hana. Skotvopn, skotfæri, sprengiefni og gasvopn skal jafnan geyma á þurrum stað með jöfnu hitastigi.

Athugasemdir við 26. gr.

Gert er ráð fyrir að vakthafandi yfirmaður hafi aðgang að lágmarksfjölda skotvopna til að vopna lögreglumenn á vaktinni tafarlaust í neyðartilfellum. Í tilfelli sérstakra sveita lögreglu eru vopnin geymd með öðrum búnaði lögreglumannsins tilbúin til tafarlausrar notkunar komi til útkalls.

Athugasemdir við 27. gr.

Þegar vopn eru afhent vegna skotæfinga þarf að gera grein fyrir vopnum sem hafa ekki virkað eðlilega og skotfæranotkun.

Athugasemdir við 28. gr.

Þær aðstæður geta skapast, sérstaklega á landsbyggðinni, að nauðsynlegt er fyrir lögreglumenn að grípa strax til tiltækra vopna vegna neyðarástands ef fyrirsjáanlega tekur langan tíma að sækja vopn á lögreglustöð.

Athugasemdir við 29. gr.

Hér er átt við notkunarleiðbeiningar um virkni viðkomandi vopns og hvernig það skuli meðhöndlað.

Athugasemdir við 30. gr.

Það er hlutverk Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu að kenna lögreglumenum þessar reglur og veita þeim grunnþjálfun í notkun skotvopna. Heimilt er að fela sérstökum sveitum lögreglu eigin grunnþjálfun í meðferð sprengiefnis, hvellvopna, gasvopna og stærri skotvopna samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra.

Athugasemdir við 31. gr.

Framhaldspjálfun í meðferð skotvopna og gasvopna er í höndum hvers embættis fyrir sig. Árlega þurfa menn að standast hæfnispróf í notkun viðkomandi vopns til þess að endurnýja vopnaréttindin. Hæfnispróf eru útbúin af hálfu ríkislögreglustjóra og send embættunum.

Athugasemdir við 32. gr.

Skotvopn í eigu lögreglu eru skráð í skotvopnaskrá lögreglu þar sem einnig eru skráðir leyfishafar og réttindi þeirra. Niðurstöður árlegra hæfnisprófa eru skráðar í vinnugrunninn, fræðslu- og þjálfunarkerfi lögreglunnar.

Athugasemdir við 33. gr.

Hér er gert ráð fyrir að einstakir lögreglustjórar setji fyrirmæli um hvenær lögreglumenn búist gasvopnum vegna verkefna í samræmi við leiðbeiningar ríkislögreglustjóra skv. 7. gr.

Athugasemdir við 34. gr.

Gert er ráð fyrir að lögreglustjórar setji fyrirmæli um vopnaburð og önnur viðbrögð vegna sérstakra verkefna svo sem vopnamála sem upp koma, vopnaðra bankarána o.s.frv. í samræmi við verklagsreglur og leiðbeiningar ríkislögreglustjóra skv. 7. gr.

Athugasemdir við 35. gr.

Meginreglan er að þegar lögreglumenn eru vopnaðir við störf séu þeir einkennisklæddir og beri vopnin sýnileg utanklæða. Enginn vafi má leika á því að lögreglan er venjulega óvopnuð við störf og að hún vopnist einungis í undantekningartilvikum. Slík undantekningartilvik frá meginreglunni gilda þegar það er nauðsynlegt í þágu úrlausnar málsins. Svo sem ef einkennisklæðnaður gæti hamlað gegn farsælli úrlausn. Eins má nefna öryggisgæsluverkefni sem kalla á að lögreglumenn séu óeinkennisklæddir við störf.

Athugasemdir við 36. gr.

Notkun gasvopna er tvíþætt. Annars vegar við dreifingu mannfjölda við óeirðir og hins vegar við að yfirbuga mótaðila sem eru afkróaðir á afmörkuðum stað. Í því tilviki eru gasvopn notuð til þess að ná viðkomandi út og auðvelda yfirbugun hans.

Athugasemdir við 37. gr.

Lögreglulið, sem stillt er upp til að dreifa mannfjölda vegna óspekta og óeirða, skal ávallt útbúa með gasbúnaði. Notkun þess búnaðar er hins vegar háð ákvörðun lögreglustjóra nema í neyð.

Athugasemdir við 38. gr.

Kjarni þessarar greinar er sá að ekki eigi að grípa til skotvopns fyrr en ljóst þykir að önnur úrræði duga ekki. Vopn eru tæki sem lögreglan getur við vissar aðstæður notað til valdbeitingar þegar líkamlegt vald eða önnur úrræði duga ekki eða verður ekki við komið.

Takmörk fyrir líkamlegri valdbeitingu lögreglunnar er að finna í 12. og 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (alm.hgl.). Þetta á bæði við þegar ráðist er á lögreglumann og eins þegar hann hefst handa sjálfur, t.d. hann leitar uppi lífshættulegan mann og sá veitir mótstöðu og kemur í veg fyrir að lögreglumaðurinn geti gegnt skyldustarfi sínu.

Samkvæmt 12. gr. alm.hgl. má ekki beita vörnum, sem bersýnilega eru hættulegri en árásin og tjón það sem af henni má vænta, svo unnt sé að líta á valdbeitinguna sem lögmæta. Ákvæðið nefnir ekki hver önnur úrræði geti komið til greina. Notkun skotvopns getur stofnað þeim sem aðgerðin beinist að í slíka hættu að ekki á að koma til greina að nota skotvopn nema í neyðaraðstöðu þegar atvik hafa þróast þannig að það er óhjákvæmileg nauðsyn sem síðasta úrræði.

Í a-lið er ákvæði um árás á lögreglumann eða þriðja aðila. Árás telst alvarleg eða hættuleg, þegar lögreglumanninum virðist ógnun beinast að lífi eða heilsu sinni eða þriðja manni, eða honum eða öðrum er hótad með vopni sem lífshætta getur stafað af, svo sem skotvopni, hníf, hættulegu högg- eða kastvopni o.þ.h. sem sá sem ógnar leggur ekki frá sér eftir aðvörun eða tekur upp að nýju. Það er

neyðarvarnarsjónarmið sem veitir lögreglumanninum rétt til að grípa til skotvopns til að verja sig eða þriðja aðila.

Í b-lið er ákvæði um að yfirbuga og handtaka hættulega afbrotamenn. Ákvæðið verður að skoðast í samhengi við 30. gr. um að lögregla sé vopnuð vegna hættulegra verkefna. Beiting skotvopna er einungis heimil ef handtaka verður ekki framkvæmd með öðrum hætti án verulegrar hættu fyrir líf eða heilsu lögreglumanna eða annarra og fyrirliggjandi eru upplýsingar um að viðkomandi sé hættulegur afbrotamaður og að þau afbrot sem hann er grunaður um eða dæmdur fyrir hafi verið mjög alvarleg. Undir slíkt félli manndráp, lífshættuleg líkamsárás, sérstaklega ef hún hefur verið framkvæmd með skotvopni eða öðru lífshættulegu vopni og ætla má að viðkomandi muni fremja fleiri slíka verknaði.

Í c-lið er ákvæði um alvarlegt ofbeldi gegn fólki og verulegt tjón á þjóðfélagslega mikilvægum hagsmunum eða stofnunum s.s. virkjunum, stjórnarstofnunum, sendiráðum o.fl. Sem dæmi má nefna að lögreglumaður á verði við vatnsvirkjun verði þess var að maður ætlar að sprengja virkjunina í loft upp. Hér þarf að bregðast skjótt við til að afstýra tjóni. Eftir sem áður er það ófrávíkjanlegt skilyrði að önnur úrræði muni augljóslega ekki duga. Þá má nefna sem dæmi að mikill mannfjöldi skapi mikla yfirvofandi hættu fyrir fólk eða þjóðarhagsmuni. Gegn mannfjölda sem starfar markvisst að því að valda verulegum skaða er einungis heimilt að beita skotvopnum til að dreifa honum og ef lögreglan er búin að missa stjórn á ástandinu og aðrar aðferðir duga ekki til.

Athugasemdir við 39. gr.

Það getur skapað aukna hættu fyrir lögreglumann eða þriðja mann að lögreglumaðurinn kalli aðvörun. Því verður það að vera háð mati lögreglumannsins hvort hann gefi aðvörun eða ekki. Ef hann ákveður að gefa aðvörun skal koma fram í aðvöruninni annars vegar að hann sé lögreglumaður og hins vegar að hann muni beita vopninu. Hróp hans gæti t.d. verið: Stans, vopnuð lögregla, stans eða ég mun skjóta.

Athugasemdir við 40. gr.

Aðvörunarskot skapa hættu og skyldi því ekki reyna slíkt nema í undantekningartilfellum. Beiting skotvopna skapar lífshættu fyrir þann sem verður fyrir skoti og því er ekki heimilt að hleypa af aðvörunarskoti nema til staðar séu skilyrði til að beita skotvopni.

Athugasemdir við 41. gr.

Það ræðst af neyðaraðstæðum hvernig vopni er beitt. Lögreglumenn eru þjálfaðir til þess að skjóta einungis í neyð og miða á stærsta hluta þess líkamshluta sem þeim er sýnilegur. Skotið er til þess að stöðva viðkomandi. Sérstakar aðstæður geta kallað á að skotið sé í höfuð viðkomandi til að stöðva hann samstundis svo sem til að afstýra aftöku gísla og ef viðkomandi er klæddur í sprengivesti.

Öll skot í líkama manns geta valdið dauða eða alvarlegu líkamstjóni og má einungis skjóta ef skilyrði 34. gr. eru fyrir hendi. Í því felst að ekki er heimilt að skjóta með því markmiði að særa viðkomandi ef ekki eru fyrir hendi skilyrði 34. gr. um beitingu skotvopns.

Við notkun skotvopns verður að gæta þess, eftir því sem kostur er, að lífi eða heilsu óviðkomandi manna sé ekki stofnað í hættu. Ef hætta er á því, þarf ástand að vera orðið mjög alvarlegt, ef nota á skotvopn. Ef t.d. stórhættulegur afbrotamaður eða geðsjúkur maður notar sjálfur eða er í þann mund að nota skotvopn eða annað lífshættulegt vopn, getur verið réttlætjanlegt að lögreglumaðurinn noti sjálfur skotvopn, þó að það geti stofnað öðrum mönnum í hættu. Þeim mönnum getur verið stofnað í enn meiri hættu, ef viðkomandi er ekki stöðvaður.

Athugasemdir við 42. gr.

Aðeins í undantekningartilfellum má nota skotvopn til að stöðva farartæki. Það er skilyrði að maðurinn sé hættulegur. Enn fremur þegar brýn nauðsyn er að stöðva ferð hans strax. Gagnvart ökumönnum, t.d. þeim sem eru drukkarnir eða hafa stolið bifreið og stinga af, er ekki réttlætjanlegt að nota skotvopn.

Athugasemdir við 43. gr.

Notkun sprengivopna er aðeins á færi sérstakra sérþjálfaðra sveita lögreglu og undir stjórn sérþjálfaðra sprengjusérfræðinga.

Athugasemdir við 44. gr.

Lögreglumaður sem ásamt fleiri félögum sínum, vinnur að verkefni, skal framkvæma skipanir yfirmannsins um notkun vopna nema honum megi vera ljóst að skipunin sé ólögmæt. Ef sá sem stjórnar aðgerðum gefur skipun um að nota vopn, ber hann ábyrgð á að heimildin hafi verið til staðar í vopnareglum. Einstakir lögreglumenn eru hins vegar ábyrgir fyrir því á hvern hátt þeir nota vopnið.

Nú verður lögreglumaður viðskila við félaga sína eða þann sem stjórnar þeim, og getur þá lögreglumaðurinn notað vopnið að eigin frumkvæði, enda sé notkunin í samræmi við vopnareglur.

Í sjálfsvörn getur lögreglumaðurinn notað vopnið þótt hann sé undir beinni stjórn og þótt yfirmaðurinn hafi ekki gefið skipun um að nota vopnið. Lögreglumaðurinn ber sjálfur ábyrgð á því ef hann ákveður af sjálfsdáðum að nota vopnið eða gerir það andstætt fyrirmælum sem gefin hafa verið.

Athugasemdir við 45. gr.

Reynslan erlendis sýnir að lögreglumenn og aðrir sem hafa tekið þátt í aðgerðum þar sem skotvopn hafa verið notuð, þurfi á áfallahjálp og sálrænum stuðningi að halda eftir slíkt.

Athugasemdir við 46. gr.

Slík skráning skal fara fram án tillits til þess hvort ástæða er til lögreglurannsóknar á málinu eða ekki.

Athugasemdir við 47. gr.

Lögreglustjórar skrá í skotvopnaskrá lögreglu þá lögreglumenn sem hafa verið útskrifaðir hæfir til að nota skotvopn, gasvopn, hvellvopn og sprengivopn.

Athugasemdir við 48. gr.

Slíkt er liður í því að leggja mat á viðbúnaðargetu lögregluliðanna til að sinna öryggishlutverki sínu. Mikilvægt er að hún sé metin reglulega svo og að mat sé lagt á búnaðar- og æfingapörf og hvort þörf sé á endurskoðun viðbragðsáætlana.

Athugasemdir við 49. gr.

Hér er fyrst og fremst um að ræða opinbera erlenda öryggisverði sem fylgja þjóðhöfðingjum og öðrum hátt settum einstaklingum sem þurfa stöðu sinnar vegna á sérstakri lífvarðagæslu að halda. Forsenda þess er að viðkomandi starfi undir stjórn íslenskra lögreglumanna enda talin ástæða til að viðkomandi fái slíka gæslu lögreglunnar hér á landi.

Athugasemdir við 50. gr.

Lögreglan hefur í áratugi haft til ráðstöfunar naglamottur til þess að stöðva för ökutækja við eftirfarir þar sem ökumaður sinnir ekki fyrirmælum lögreglu um að stöðva ökutæki. Velja þarf réttar aðstæður sem henta fyrir notkun með forsvaranlegum hætti í samræmi við verklagsreglur ríkislögreglustjóra. Þá þarf akstursleið að vera nokkuð fyrirsjáanleg og nægur tími til þess að koma búnaðinum fyrir svo raunhæft sé að nota naglamottur.

Þær aðstæður kunna að vera til staðar að nauðsynlegt sé að loka vegum með þungum ökutækjum eða öðrum hindrunum sem þvera veg til þess að stöðva för ökumanns sem sinnir ekki fyrirmælum lögreglu um að stöðva aksturinn. Hindrun skal vera sýnileg með góðum fyrirvara í samræmi við verklagsreglur ríkislögreglustjóra. Eingöngu sérsveit ríkislögreglustjóra hefur heimild til að stöðva ökutæki með fyrirvaralausri fyrirsát.

Athugasemdir við 51. gr.

Sú aðferð að stöðva akstur ökutækis með ákeyrslu hefur verið notuð af lögreglunni áratugum saman. Þar sem sú aðferð er hættulegri en að nota naglamottu eða loka vegum með þungum ökutækjum

er gerð ríkari krafa um nauðsyn þess að stöðva aksturinn strax og ljóst að öðrum aðferðum verður ekki komið við. Eingöngu skal nota ökutæki lögreglu við ákeyrslur og framkvæmdin ræðst af aðstæðum. Í einhverjum tilfellum kann að vera hægt að nota svokallaðan ákeyrslusnúning en þeir einir mega beita þeirri aðferð sem fengið hafa tilskilda þjálfun.

Athugasemdir við 52. gr.

Ríkislögreglustjóri setur verklagsreglur um eftirfarir og stöðvun ökutækja þar á meðal um framkvæmd, samþykktan búnað og um nauðsynlega þjálfun lögreglumanna. Einnig skal ríkislögreglustjóri setja verklagsreglur um ákeyrslusnúning sem aðferð til að stöðva ökutæki.

B-deild – Útgáfudagur: 23. janúar 2023